Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Landamerkjamálin
# Bústaðir - Laugarnes & Kleppur 1890-1891

Aðfnr. 1366, örk 8


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Útskript
úr
dómabók Kjósar- og Gullbringusýslu.

—"—

Ár 1891 hinn 7. desembermán. var fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu í málinu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen
útaf landamerkjum milli Laugarness
og Bústaða

uppkveðinn svolátandi

## Dómur.

Mál þetta er af sækjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, með stefnu, dags. 11. júní 1889, höfðað fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu gegn hinum stefnda, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, útaf ágreiningi um landamerki milli Laugarness og Bústaða. Hefir stefnandinn gjört þá rjettarkröfu, að landamerki milli Laugarness og Bústaða verði ákveðin: „Úr Þriskeinum sjónhending í Bústaðaborg; úr Bústaðaborg í stein fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, sem er uppsá ásnum að sunnanverðu nokkru fyrir vestan og ofan Söðulstein; svo frá þessum steini ofan brekkurnar í suður beina línu í Klofningssteina, sem eru suður í mýrinni, þegar fer að halla upp hinumegin."

Stefndi aptur á móti hefir gjört þá rjettarkröfu, að landa-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merki milli Laugarness og Bústaða verði ákveðin:
„Úr Þrísteinum í Bústaðaborg; úr Bústaðaborg í stein þann, sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, og þaðan í Klofningssteina."
Svo hafa báðir málspartar krafizt hæfilegs málskostnaðar hjá mótpartinum.
Í máli þessu eru málspartar samdóma um, hvar Þrísteinar og Bústaðaborg sjeu, en ágreiningurinn er um, hvar steinn sá, sem á að vera fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg sje og hvar Klofningssteinar sjeu, eða með öðrum orðum, hver sje stefnan úr Bústaðaborg.—
Stefnandinn hefir haldið því fram, að Klofningssteinar þeir, sem hann miðar stefnuna í, sjeu uppi í mýrinni fyrir sunnan girðingar stefnda og þaðan í stein fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg.
Stefndi aptur á móti hefir haldið því fram, að Klofningssteinar sjeu miklu neðar í Fossvogi norðanvert við lækinn og eigi all-langt frá sjó og jafnframt getið þess, að faðir sinn fyrir rúmum 40 árum síðan hafi gjört tölu verð mannvirki á svæði því, er stefnandinn nú vill telja eign sína, átölulaust af hálfu Laugarnesseigenda, og að það þannig hafi verið notað af ábúendum Bústaða.
Til sönnunar málsútlistun sinni og kröfum hefir stefnandinn lagt fram:
1, Vitnisburð Runólfs Sturlusonar um landamerki Laugarness, dags. 9. febr. 1605,
2, Vitnisburð Þórhalla Oddssonar um sama, dags. 23. s. m. s. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3, Lögfestu Guðrúnar Einarsdóttur fyrir sömu jörðu, dags. 20. febr. 1747,

4, Lögfestu Jarþrúðar Sæmundsdóttur fyrir sömu jörðu, dags. 16. maí 1785.

5, Ýmis vottorð frá eldri mönnum, sem flest hafa verið staðfest fyrir rjetti og

6, Afstöðuuppdrátt af Klepps-, Laugarness- og Bústaðalandi með afmörkuðu þrætulandinu.

Með dómi, sem uppkveðinn var í merkjadómi hinn 28. júní þ.á., komust dómsmenn, eptir að hafa kynnt sjer hið umþrætta land og rannsakað skjöl og skilríki málsparta, að þeirri niðurstöðu, að hvorugur þeirra hefði fært nægar sannanir fyrir markasteinum þeim, er þeir hvor um sig hafa haldið fram og ákvað dómurinn að rjettast væri að skipta þrætulandinu og setja mörkin með hæfilegu tilliti til krafa málsparta, afstöðu jarðanna og eðli landsins og ákvað merkin: „Úr Þursteinum í Bústaðaborg og þaðan beina línu á fjallið Keili skekkjulaust til beggja handa, þar til þrýtur land Laugarness og Bústaða og tekur við Kópavogsland." – Að því er snertir dagpeninga og ferðakostnað sýslumanns og dagpeninga meðdómenda, þá var hann í máli þessu samtals 52 krónur. Af þessari upphæð bar stefnanda að greiða 30 kr. 50 a. og eru í þeirri upphæð innifaldar 9 krónur, sem er kostnaður við áreið, sem átti fram að fara hinn 23. júlí 1889, en var frestað eptir beiðni stefnanda eða umboðsmanns hans. Hinar 21 kr. 50 a. áttu að greiðast af stefnanda.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessum dómi hefir stefnandinn skotið til yfirdómsins, og hefir hann með dómi sínum uppkveðnum 8. desember þ.á. ónýtt merkjadóminn fyrir sakir lögleysu að efni til og vísaði málinu heim aptur, og er í ástæðum dómsins þannig tekið fram:

„Þar sem nú stefnda eigi hefir tekizt að styðja álit sitt
„um merkjalínuna nema með vitnisburði eins manns,
„er auk þess virðist byggja mest á ímyndun sjálfs sín
„um, hvar hin umþrættu örnefni sjeu, hefir aptur
„á móti áfrýjandinn fyrir merkjadóminum komið fyrir
„sig vitnisburði ýmissa nákunnugra eldri manna
„um það, er þeir höfðu heyrt í ungdæmi sínu og síðar
„um hvar örnefnin og merkin væru og verður með
„þeim vitnisburðum að álíta fullsannað, að Klofnings-
„steinar sjeu þeir, sem áfrýjandinn heldur fram, svo
„og hvar sje aðalstefna merkjalínunnar upp úr voginum
„norður eptir, þó nokkur vafi geti enn verið á því, hvar
„merkjasteinninum fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg
„sje, eða hafi verið."

Samkvæmt þessum dómi landsyfirrjettarins var mál þetta tekið til nýrrar meðferðar í merkjadómi, en með dómi, uppkveðnum 19. maí þ.á, vísaði merkjadómurinn máli þessu frá og byggði þennan dóm sinn á því, „að hann hvorki hafi heimild til nje sje bær um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess."

Þessum dómi var þvínæst áfrýjað til yfirdómsins af stefnanda, og dæmdi hann með dómi 21. sept. s.á. dóm þennan ómerkan og vísaði málinu heim aptur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Merkjadóminum verður enn að vera á þeirri skoðun, að fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg sje engum slíkum steini, sem eðlilega geti talizt merkjasteinn og álítur dómurinn sjer eigi hægt að miða stefnuna við nokkurn slíkan stein. Þar sem landsyfirrjetturinn með dómi sínum hefir slegið því föstu, að stefnandinn hafi farið nægar sannanir fyrir Klofningssteinum þeim, sem hann hefir haldið fram, svo og hver sje aðalstefnan upp úr vognum norður eptir, þá álítur merkjadómurinn rjettast, að draga stefnuna úr tjeðum Klofningssteinum, sem eru fyrir sunnan girðingar stefnda í Fossvogi, beint norður í Bústaðaborg.

Að því er snertir kostnað til dómsforseta og meðdómsmanna, sem orðið hefir í máli þessu, þá er hann alls Kr. 91.50; af upphæð þessari greiði stefnandinn fyrst 9 krónur, sem er kostnaður við merkjagöngu, sem fram átti að fara á þrætulandið 23. júlí 1889. Hinar 82 kr. 50 a., greiðast að 1/3 hluta af stefnanda, en 2/3 hlutum af stefnda þannig, að stefnandi greiði alls 36 kr. 50 a., en stefndi 55 krónur. — Annar málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Laugarness og Bústaða skulu vera: „Úr Þrísteinum í Bústaðaborg; þaðan bein lína suður í Klofningssteina."

Í dagpeninga til dómsforseta og meðdómsmanna greiði stefnandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, 36 kr. 50 a. — þrjátíu og sex krónur og fimmtíu aura — en stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, 55 — fimmtíu og fimm — krónur,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu undir aðför að lögum. — Annar málskostnaður falli niður.

Franz Siemsen.

Jó. Runólfsson. Halldór Jónsson. Þórður Guðmundsson. G. Gíslason

Rjetta útskript staðfestir

Franz Siemsen

Ár 1891 föstudaginn hinn 18 desembermánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritaðan dóm verslunarstjóra Jóhannes Hansen persónulega á heimili hans, í stað húsbónda hans kaupmanns W. Th. A. Thomsens sem er fjærver-andi. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgun 1. kr.
ein króna.
B. J.

B. Björnsson    Þorsteinn Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur